



Nr. 22/2005
5. ágúst 2005

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok júlí 2005

Í meðfylgjandi töflu er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok júlí 2005 og til samanburðar í lok júní 2005 og í lok desember 2004.

Gjaldeyrisforði bankans lækkaði um 3,5 milljarða króna í mánuðinum og nam 58,8 milljörðum króna í lok hans sem jafngildir 910 milljónum Bandaríkjadala miðað við gengi í mánaðarlok. Lækkun forðans skýrist af lánahreyfingum ríkissjóðs og gengisendurmati.

Gengi íslensku krónunnar styrktist um 0,6% í júlí.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 9,6 milljarða króna í júlí og námu 20,4 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir hækkuðu um 1,2 milljarða króna og námu 10,8 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 2,1 milljörðum króna í lok júlí miðað við markaðsverð.

Seðlar og mynt í umferð jukust um 0,8 milljarða króna og hafa því aukist um 1,6 milljarða það sem af er árinu.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir lækkuðu um 3,8 milljarða króna í mánuðinum og námu 25 milljörðum króna í júlílok.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana lækkuðu um 8,4 milljarða króna og námu 15,9 milljörðum króna í lok júlí.

Grunnfé bankans lækkaði í júlí um 2,9 milljarða króna og nam 38,3 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 31. júlí 2005

	STADA	STADA	STADA	HREYFINGAR 2005	
	31.12.04	30.06.05	31.07.05	Á árinu	Í júlí
EIGNIR	106.590,3	102.263,1	90.346,6	-16.243,7	-11.916,5
Erlendar eignir	65.709,2	62.621,0	59.065,4	-6.643,8	-3.555,6
a Gull	1.707,2	1.820,4	1.777,7	70,5	-42,7
b Sérstök dráttarréttindi IMF	7,5	2,8	2,8	-4,7	0,0
c Gjaldeyrisstaða við IMF	1.765,3	1.759,2	1.743,8	-21,5	-15,4
d Erlendir bankar	23.171,2	16.573,2	12.170,3	-11.000,9	-4.402,9
e Erlend verðbréf og ríkisvixlar	38.909,7	42.231,6	43.139,7	4.229,9	908,0
f Erlendar eignir utan forða	148,2	233,7	231,1	82,9	-2,6
Innlánsstofnanir	31.771,3	29.982,9	20.432,3	-11.339,0	-9.550,6
a Endurhverfir samningar	31.771,3	29.982,9	20.432,3	-11.339,0	-9.550,6
Aðrar fjármálastofnanir	8.993,4	9.571,2	10.764,0	1.770,6	1.192,9
a Markaðsskráð verðbréf	3.231,6	2.209,7	2.056,1	-1.175,5	-153,5
b Endurhverfir samningar	5.761,8	7.361,5	8.707,9	2.946,1	1.346,4
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	32,3	0,0	0,0	-32,3	0,0
a Markaðsskráð spariskírteini	32,3	0,0	0,0	-32,3	0,0
Aðrar eignir	84,0	88,0	84,9	0,9	-3,1
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	106.590,3	102.263,1	90.346,6	-16.243,7	-11.916,5
Erlendar skuldir til skamms tíma	142,3	263,5	467,2	324,9	203,7
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.560,7	1.553,4	1.539,7	-20,9	-13,6
Seðlar og mynt	11.632,3	12.422,5	13.256,5	1.624,2	834,1
Innlánsstofnanir	26.925,8	28.815,3	25.046,4	-1.879,4	-3.768,9
a Innstæður	22.519,0	21.824,0	21.882,4	-636,6	58,5
b Bundnar innstæður v/stórgreiðslukerfis	2,9	0,0	0,0	-2,9	0,0
c Innstæðubréf	4.403,8	6.991,4	3.164,0	-1.239,8	-3.827,4
Aðrar fjármálastofnanir	13.680,8	87,0	87,0	-13.593,7	0,0
a Innstæður	13.680,8	87,0	87,0	-13.593,7	0,0
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	17.814,8	24.263,8	15.856,2	-1.958,6	-8.407,6
a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	16.256,8	22.618,6	14.273,1	-1.983,6	-8.345,5
b Ríkisstofnanir	519,4	522,4	659,8	140,4	137,4
c Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	1.038,6	1.122,8	923,3	-115,3	-199,5
Aðrar skuldir	635,5	656,4	644,0	8,4	-12,4
Áætluð afkoma ársins fyrir framlag til ríkissjóðs	.	3,2	-748,6	-748,6	-751,8
Gengishagnaður/-tap á árinu	-61,8	-510,8	-510,8	-449,0
Áætlaður hagnaður/-tap af rekstri	64,9	-237,8	-237,8	-302,8
Stofnfé og annað eigið fé	34.198,2	34.198,2	34.198,2	-	-
Liðir til skýringar					
Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a - e)	65.561,0	62.387,3	58.834,3	-6.726,7	-3.553,1
Gjaldeyrisstaða, nettó	65.418,7	62.123,8	58.367,1	-7.051,6	-3.756,7
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	17.782,4	24.263,8	15.856,2	-1.926,2	-8.407,6
Kröfur á aðra, brúttó	40.848,7	39.642,1	31.281,2	-9.567,5	-8.360,9
Grunnfé	38.558,1	41.237,8	38.303,0	-255,1	-2.934,8

Allar fjárhæðir í milljónum króna